

Takk hreinlæti ehf.
Draghálsi 18-26
110 Reykjavík

Reykjavík, 19. febrúar 2026
UOS-3164 og UOS-3166/B.B.B.

Niðurstaða eftirlits – Kröfur um úrbætur

Umhverfis- og orkustofnun vísar í bréf stofnunarinnar til Takk hreinlætis ehf., dags 21.5.2025, þar sem tilkynnt var um eftirlit með markaðssetningu og merkingum sæfivara í vöruflokki 3 (hreinnlætisvörur fyrir dýr), sbr. hlutverk Umhverfis- og orkustofnunar með framkvæmd efnalaga nr. 61/2013 og reglugerðar nr. 878/2014 um sæfivörur sem innleiðir reglugerð (ESB) nr. 528/2012 (BPR) í íslenskan rétt. Eftirlitið fór fram daginn eftir í verslun Takk hreinlætis í Reykjavík og í verslun Líflands á Hvolsvelli og náði til þriggja sæfivara, sem flokkast sem spenadýfur í vöruflokki 3, sem Takk hreinlæti ehf. býður fram á markaði.

Við skoðunina var meðal annars metið hvort:

- vörur, sem hafa markaðsleyfi, væru merktar í samræmi við samþykktu samantekt á eiginleikum vörunnar (SPC), sem er hluti af markaðsleyfi vörunnar,
- markaðssetning vara, sem hafa ekki markaðsleyfi á Íslandi, væri óheimil,
- fyrir hendi væri skráning á 95 listanum fyrir virk efni sæfivara,
- merkingar vara, sem falla undir umbreytingarráðsstaðanir, væru merktar í samræmi við reglugerð nr. 415/2015 (CLP), og
- upplýsingar í öryggisblaði væru í samræmi við SPC og að liður 1.4 um neyðarupplýsingaþjónustu væri staðfærður.

Verkefnið er hluti af samevrópsku eftirlitsverkefni, BEF-3, á vegum Efnastofnunar Evrópu. Markmið þess er að samræma milli ríkja innan ESB/EFTA hvernig eftirliti er háttað með notkun upplýsinga úr markaðsleyfi á merkingum sæfivara.

Eftirfarandi vörur sem falla undir umfang eftirlitsins voru skoðaðar:

- Júgursmýrsl m/joði
- Spenadýfa
- Júgurþvottalögur

Frávik frá gildandi reglum sem fram komu í eftirlitinu eru tilgreind í meðfylgjandi eftirlitsskýrslum. Við upplýsingaöflun stofnunarinnar á vörunni Júgursmýrsl m/joði var Takk hreinlæti ehf. beðið um að senda númer markaðsleyfis fyrir vöruna ásamt staðfestingu á að skilyrði um 95 listann sé uppfyllt fyrir virka efnið *Joð* (e. *iodine*, CAS nr. 7553-56-2) en slíkar upplýsingar bárust ekki. Því mun stofnunin stöðva markaðssetningu vörunnar tímabundið.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að samkvæmt efnalögum er óheimilt að markaðssetja vörur sem ekki uppfylla kröfur þeirra um markaðsleyfi og merkingar sbr. 1. mgr. 35. gr. og 3. mgr. 32. gr.

Umhverfis- og orkustofnun veitir Takk hreinlæti ehf. frest til 5.3.2026 til að senda stofnuninni staðfestingu á að skilyrði um 95 listann sé uppfyllt fyrir virku efnin mjólkursýra (e. lactic acid, CAS nr. 50-21-5), glýkólsýra (e. glycolic acid, CAS nr. 79-14-1), maurasýra (e. formic acid, CAS nr. 64-18-6) og klórhexidín díglýkónat (e. chlorhexidine digluconate, CAS nr. 18472-51-0). Að auki skal senda stofnuninni uppfærðar merkingar fyrir vörurnar.

Senda skal staðfestingu á úrbótum með tölvupósti á opinbert netfang stofnunarinnar, uos@uos.is, merkt málsnúmerinu UOS-3166.

Fyrirliggjandi vörubirgðir skulu endurmerktar með uppfærðum merkimiða sem staðfestur hefur verið af stofnuninni.

Umhverfis- og orkustofnun veitir Takk hreinlæti ehf. hér með frest til 5.3.2026 til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, sbr. 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Vakin er athygli á því að í samræmi við 5. mgr. 49. gr. efnalaga mun Umhverfis- og orkustofnun birta á vefsetri sínu upplýsingar um niðurstöður eftirlits og til hvaða úrræða stofnunin hefur gripið jafnóðum og ákvarðanir um slíkt liggja fyrir. Bréf þetta og meðfylgjandi eftirlitsskýrsla verða birt á vefsetri stofnunarinnar. Telji fyrirtækið að efni í bréfinu eða eftirlitsskýrslunni varði hagsmuni sem njóta eigi leyndar skal fyrirtækið tilkynna um það til Umhverfisstofnunar með rökstuðningi fyrir 5.3.2026.

Umhverfis- og orkustofnun vekur einnig athygli á því að samkvæmt XIII. kafla efnalaga er stofnuninni heimilt að beita þvingunarúrræðum til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt lögnum, til að mynda með áminningu sbr. 55. gr., álagningu dagsekta sbr. 56. gr. og stöðvun markaðssetningar sbr. 57. og 58. gr.

Jafnframt er vakin athygli á því að samkvæmt gjaldskrá fyrir verkefni og þjónustu Umhverfis- og orkustofnunar nr. 1033/2025 innheimtir stofnunin tímagjald vegna eftirfylgni eftirlits og beitingar þvingunarúrræða, sbr. 22. gr. gjaldskrárinnar.

Upplýsingar um sæfivörur má finna [hér](#).

Fyrirtækinu er velkomið að leita til sérfræðinga stofnunarinnar, Hafdísar Ingu Ingvarsdóttur eða Bergdísar Bjarkar Bæringsdóttur, í síma 569-6000 eða í gegnum netföngin hafdis.i.ingvarsdottir@uos.is eða bergdis.b.baeringsdottir@uos.is til að fá nánari upplýsingar varðandi þau frávík sem málið snýst um og leiðir til úrbóta.

Frávik

Vara: Spenadyfa

Lýsing á fráviki	Laga-/reglugerðarákvæði
- Viðvörðunorð vantar á merkimiða vörunnar í samræmi við öryggisblað. - Hættusetningarnar H315 og H18 vantar á merkimiða í samræmi við öryggisblað vörunnar. - Varnaðarsetningar á merkimiða eru ekki rétt ritaðar og ekki í samræmi við öryggisblað vörunnar.	Frávik frá 17. gr., 1. og 2. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1272/2008 (CLP), sem innleidd er með reglugerð nr. 415/2014, og 1. mgr. 32. gr. efnalaga nr. 61/2013.
Formúluauðkenni (Unique Formula Identifier (UFI)) vantar á merkimiða í samræmi við 5. lið VIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1272/2008.	Frávik frá 20. - 22. gr. og 7. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1272/2008 (CLP), sem innleidd er með reglugerð nr. 415/2014
Nafn birgja vantar á merkimiða vörunnar.	Frávik frá 1. mgr. 32. gr. efnalaga nr. 61/2013.
Í lið 1.2 og 2.3 í öryggisblaði vörunnar er tilgreint að varan sé snyrtivara. Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1223/2008 um snyrtivörur geta einungis efni eða efnablöndur sem ætlaðar eru að komast í snertingu við mannlíkama vegna ákveðins tilgangs og því getur varan ekki flokkast sem snyrtivara þar sem hún er tilgreind fyrir spena samkvæmt merkimiða vörunnar og þarf því að fjarlægja úr öryggisblaði.	Frávik frá a)-lið 1. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 1223/2008, 1. mgr. 31. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 REACH og hluta 1.2 í II. viðauka við REACH reglugerð (ESB) 2020/878.
Sýna þarf fram á með óyggjandi hætti að birgir í aðfangakeðju virka efnisins eða vörunnar sé skráður á 95 listann fyrir virk efni vörunnar í vöruflokki 3, þ.e. fyrir efnin mjólkursýra (e. lactic acid), glýkólsýra (e. glycolic acid) og maurasýra (e. formic acid).	Frávik frá 95. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 (BPR)

Vara: Júgurþvottalögur

Lýsing á fráviki	Laga-/reglugerðarákvæði
1. Hættumerkingar á merkimiða eru ekki í samræmi við öryggisblað. 2. Á merkimiða vantar: - Hættumerkið GHS07 - Viðvörðunorðið "Varúð" - Hættusetningar H319 og H412 - Varnaðarsetningar P273, P280, P305+P351+P338, P337+P313 og P501 3. Formúluauðkenni (Unique Formula Identifier (UFI) vantar á merkimiða í samræmi við 5. lið VIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1272/2008. 4. Birgir vörunnar á merkimiða er ekki í samræmi við öryggisblað.	Frávik frá 19. - 22. gr. og 7. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1272/2008 (CLP), sem innleidd er með reglugerð nr. 415/2014, og 1. mgr. 32. gr. efnalaga nr. 61/2013.
5. Sýna þarf fram á með óyggjandi hætti að birgir í aðfangakeðju virka efnisins eða vörunnar sé skráður á 95 listann fyrir virkt efni vörunnar, klórhexidín díglýkónat (e. chlorhexidine digluconate), í vöruflokki 3.	Frávik frá 95. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 (BPR).

Virðingarfyllst,

Bergdís Björk Bæringsdóttir

Teymi efnamála

Hafdís Inga Ingvarsdóttir

Teymi efnamála

Meðfylgjandi:

Eftirlitsskýrsla